



EYJAFJARÐARSVEIT



Alþingi
Erindi nr. P 131/1772
komudagur 2.5.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10

29. apríl 2005

150 REYKJAVÍK

Meðfylgjandi er umsögn sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005 – 2008.

F. h. sveitarstjórnar.

Bjarni Kristjánsson 



Umsögn sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005 – 2008.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur ítrekað bent þingmönnum kjördæmisins á nauðsyn þess að auka fjárveitingar til viðhalds og endurnýjunar tengivega, sem hafa um árabíl verið skornar við nögl. Sem dæmi má nefna, að mörg undanfarin ár hafa fjárveitingar til slíkra framkvæmda á því svæði, sem nú er Norðausturkjördæmi, verið í kringum 100 millj. á ári. Það segir sig sjálft að slík upphæð hrekkur skammt til verulegra vegabóta þegar gera má ráð fyrir að hver km í nýbyggingu vegar kost tugi milljóna og hver lengdarmeter í brú geti kostað allt að tveimur millj. kr. Víða um land má enn finna vegi, sem alls ekki bera þá umferð, sem um þá fer. Einkenni þeirra má t. d. telja eftirfarandi:

- Þessir vegir liggja ekkert frekar um afskekktar eða fámennar sveitir heldur má oft finna þá þar sem umferð er mikil, jafnvel í þéttbýlum sveitum þar sem öll þróun byggðarinnar er mjög háð góðum samgöngum.
- Margir þessarar vega eru frá því fyrir miðja síðustu öld og alls ekki hannaðir fyrir þann hraða og þunga, sem fylgir nútíma umferð.
- Þeir þola ekki þungaflutninga á þeim tíma, sem aðdrættir af þeim toga eru hvað mestir út til sveita, þar sem burðargeta þeirra er takmörkuð.
- Víða er snjósöfnun mikil, brýr eru of mjóar; jafnvel svo að á takmörkum er að stærri ökutæki komist yfir þær, sum fljótverkustu snjóruðningstæki alls ekki og jafnvel ekki stærstu landbúnaðartæki.

Í Eyjafjarðarsveit einni má gera ráð fyrir að tengivegir yfir 50 km að lengd þarfnist verulegrar eða mikillar endurnýjunar og byggja þurfi a. m. k. þrjár brýr í staðinn fyrir eldri. Elsta brúin er byggð 1913 og hinar tvær 1933. Þessir vegir liggja um þéttbýla sveit þar sem mjólkurframleiðsla er aðalvinnugreinin. Sú atvinnugrein er mjög háð góðum samgöngum og ástæða er til að vekja athygli á því, að svo virðist sem landbúnaðurinn hafi fyrst í næsta nágrenni við þéttbýli og þá um leið úr næstu nálægð við markað. Þrátt fyrir það og mjög mikla fækkun bóa á undanförunum árum hefur mjólkurframleiðsla í Eyjafjarðarsveit ekki minnkað. Búin hafa þess í stað stækkað og um leið hefur framleiðslan að einhverju marki færst fjær markaðnum. Þetta er þróun sem enn frekar krefst útbóta í samgöngumálum í vaxandi fjarlægð frá næsta úrvinnslu- og markaðssvæði.

Það er mat sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar að ástand vega í innanverðu sveitarfélaginu sé þegar farið að hafa hamlandi áhrif á rekstur landbúnaðar á því svæði og muni, ef ekkert er að gert, leiða til verulegrar fækkunar bóa þar á næstu árum. Á þessu svæði er hin vegar víða ágætis ytri aðstæður aðrar til búreksturs og það væri í hæsta máta í andstöðu við þá stefnu, sem mörkuð hefur verið í “þingsályktun um stefnu í byggðamálum árin 2002–2005” ef byggð á einu af aðalvaxtarsvæðum ályktunarinnar þ. e. Eyjafjarðarsvæðinu og það í aðeins nokkurra

km fjarlægð frá Akureyri, dregðist saman vegna ófremdarástands í samgöngumálum. Ástæða er jafnframt til að vekja athygli á því, að þótt talað sé um “nokkurra” km fjarlægð frá Akureyri, er fjarlægðin í tilvikum of mikil til að hagkvæmt sé fyrir fólk að eiga áfram búsetu á jörðum sínum þótt búrekstri sé hætt, en sækja vinnu annað eins og t. d. til Akureyrar, nema vegakerfið breytist. Óbreytt ástand í vegamálum kann því að hafa tvennt í för með sér, þ. e. samdrátt í meginatvinnuvegi sveitarinnar og umtalsverða fækkun íbúa.

Það verður ekki sé af fyrirliggjandi “tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005 – 2008” að horfur séu á að úrbætur fái á bágbornu ástandi tengivega víða um land eða í einstökum landshlutum eða sveitarfélögum. Þingsályktunartillagan gerir einungis ráð fyrir 135 millj. kr. fjárveitingu til tengivega í Norðausturkjördæmi árið 2005. Sömu upphæð árið 2006 og kr. 150 millj. hvort ár 2007 og 2008 eða samtals **569 millj. kr. á fjórum árum**.

Sem dæmi um það hve þessar fjárveitingar eru óraunhæfar og úr öllu samræmi við þekkta þörf er áætlað að brýnustu úrbætur í vegamálum í innanverðri Eyjafjarðarsveit einni kosti um 570 millj. kr. og miðað við ítrustu kröfur ca. 750 millj. kr. Þessar tölur eru byggðar á ítarlegri skýrslu sveitarstjórnar um vegamál í sveitarfélaginu, sem kynnt herfur verið þingmönnum kjördæmisins og send samgöngunefnd Alþingis.

Skv. þeirri tillögu, sem fyrir liggur, er gert ráð fyrir að á árum 2005 og 2006 verði framkvæmdum að upphæð kr. 3900 millj. frestað miðað við gildandi vegaáætlun fyrir þessi tvö ár. Áætlað er að bæta sömu upphæð við vegaáætlun árin 2007 og 2009. Hins vegar verður ekki séð að bættur verði síðar 1.822 millj. kr. niðurskurður á vegafé skv. vegaáætlun árið 2004.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar mótmælir harðlega fyrirliggjandi tillögu þar sem glögglega kemur fram að á næstu árum á að halda fjárveitingum til tengivega í því lágmarki sem verið hefur um árábil. Sveitarstjórn telur þá stefnu óskynsamlega, hún er ógnun við búfestu og atvinnurekstur víða í dreifbýli og ekki í neinum rökréttu samhengi við þekkta þörf eða yfirlýsingar stjórnvalda um eflingu kjarnasvæða og fyrirheit, sem gefin hafa verið um slíkar aðgerðir t. d. í Vaxtarsamningi Eyjafjarðarsvæðisins.

F. h. sveitarstjórnar

Bjarni Kristjánsson
sveitarstjóri.